

Skýrsla um staðlotu 3, dagana 19. og 20. nóv. 2014.

Gamanið hófst kl 09:00 á umræðum um það, hvað við viljum fá út úr staðarlotunni. Efst á baugi var lokaverkefni, stöðutékk og hvernig sé hægt að læra hraðar.




Mannskapurinn að mæta í fjörið


Kl. 9.35 tóku þeir sem mættir voru a staðlotu þátt í kennslustund í fjarkennslu hjá Kristínu Þórarinsdóttur hjá Promennt. Í tímanum voru tölvur fjarnemanna "auðar" eða þar til nemendurnir höfðu tekið yfir, þaðan sem þeir voru staddir.

Helsti ávinningurinn er sá að nemendur þurfa ekki að vera á staðnum og geta verið hvar sem er. Einn nemandi austur á Héraði sagði að þetta væri afar þægilegt, hún þurfi ekki einu sinni að fara út að skafa bílinn.

Námsmat og yfirlit yfir kenningar voru líka ofarlega á baugi, sbr. myndina af töflunni hér að neðan. Hróbjartur ætlar að koma upprifjun að inni á milli dagskrárliða á morgun.



Hugmyndaflan



Allt að gerast á skjánum í kennslu hjá Kristínu

Kennsla Kristínar er fjarkennsla í beinni. Þessi tegund náms heldur uppi vissum aga og skipulagi því öll kennsla fer fram í rauntíma en ekki sem upptaka sem nemendur geta horft á seinna. Promennt og Framvegis heita fyrirtækin sem starfa saman á þessum vettvangi.

Nokkrar umræður spunnust um kennsluformið, kosti þess og galla. M.a. að úti á landi fer enskukennsla fram í fjarkennslu í grunnskóla, og fannst mörgum það skrýtin tilhugsun.

Dagskrá staðlotunnar leit svona út eftir vangaveltur:

Miðvikudagur

Fimmtudagur

9:00 Byrjun - félagsmiðlar	9:00 María með upplegg
10:00-12:00 Fræðslumiðstöð Atvinnulífsins	Eyjólfur og co. um Illeris
Hádegismatur	Hádegismatur
13:00 Úrvinnsla FA	13:00-14:00 Sif og Sesselja
Kristín og Hulda með upplegg	Lokaverkefni umræða
15:00-16:00 Fyrirlestur um æviskeið	Upprifjun á námsefni þar sem við á

Kl. 10:00 vorum við mætt i heimsókn hjá Fræðslumiðstöð

Atvinnulífsins. Ingibjörg Elsa framkvæmdastjóri hélt erindi þar sem hún fjallaði um það sem helst væri í brennidepli hjá stofnuninni núna. Framhaldsfræðsla er nú skilgreind í lögum og sagði hún að það hefði verið mikilvægt skref. Að mörgu leyti stöndum við ekki jafn vel i fræðslumálum fullorðinna og



þau lönd sem við viljum standa jafnfætis í þessum málum. Hins vegar er atvinnuþáttakan hér á landi almennt mun betri en erlendis.



Helsta viðfangsefnið núna eru vottaðar námsskrár og hæfniviðmið sem veitir námseiningar. Réttur til raunfærnimats er staðfestur.

Nýlega var gerð heildstæð úttekt á samstarfi stofnunarinnar við fræðslumiðstöðvarnar úti á landi og var niðurstaðan í alla staði jákvæð þó enn sé langt í land.

Fjóla María, Ingibjörg og Haukur

Eitt af því sem þarf að bæta er markaðssetningin, framhaldsfræðslan er ekki nægilega sýnileg. Þegar að hæfniþreppin verða orðin skýr verður námsmat inn í framhaldsmenntun í aðra skóla aðgengilegra. Verið er að vinna að samræmdu og miðlægu mati á námi.

Unnið er út frá vottuðum námsleiðum

Nemendum er skipt í flokka til náms; lestrarerfiðleikar, almennt nám og starfsnám. Viðhorfskönnun sem unnin var nýverið meðal nemenda kom mjög jákvætt út.

Því næst fjallaði Haukur um raunfærnimat.

Hugmynd að baki raunfærnimats er að gera hæfni sýnilega. Aðferðarfræði byggð á European Guidelines. Megininntakið matsins er að fólk fái reynslu sína, og þar af leiðandi þekkingu, metið til eininga.



Dúddi

Gott innlegg sem Haukur gaf um inntak raunfærnimatsins og hvað það getur gefið:

„Enginn afsláttur er gefinn af kröfum um þekkingu EN matið getur gefið afslátt af tíma ef þú hefur þekkinguna“

Eingöngu er verið að vinna með raunfærnimat fyrir þau sem ekki hafa lokið framhaldsprófi, iðnfög eru þar vinsælust en margar nýjar leiðir eru að koma inn. Nefndi hann m.a. slátrara iðn og vinnustaðanáám og vonandi yrði þess ekki langt að bíða að hægt yrði að bjóða upp á almennar greinar eins og t.d. hæfni í samskiptum.

Haukur taldi hinn persónulega ávinning mestan af því að fá vottun á starfsþekkingu sinni: mikill munur á að segja "ég starfa við húsasmíðar" eða "ég er húsasmiður".

Þá var komið að náms- og starfsráðgjafanum Fjólu Maríu sem sagði að miklar breytingar væru að eiga sér stað í nútíð.

Hugsunin um ævinám er að breytast. Hafa skólar fjarlægst atvinnulífið, og þá vaknaði spurningin um það hvort atvinnulífið ætti að stjórna skólakerfinu.

Aukin náms og starfsráðgjöf hefði breytt miklu og gildi hennar fyrir ævinámið er mikil.

Ráðgjafinn á að geta opnað nýjar leiðir.

Workplace Guidance er Evrópskt kerfi sem unnið er í samræmi við evrópska staðla. Því miður eru náms- og starfsráðgjafar mest að slökkva elda í skolonum en ekki að vinna pro aktivt með framtíð nemenda.

Á döfinni er að opna vef sem heitir "Næsta skref" og fer formleg opnun hans fram þann 4. desember

www.naestaskref.is.



Að sjálfsögðu var allt tekið upp

Síðast hélt Kristín Jónsdóttir, framkvæmdastjóri starfsmenntasjóða eða fræðslusjóða fyrirlestur um það



net sem sjóðir mynda fyrir félagsmenn sína. Í upphafi benti Kristín á að í heildina væri um 3 tegundir fyrirtækja að ræða, ríkið, sveitarfélögin og hinn almenna markað.

Of langt og flókið mál yrði að rekja fyrirlestur Kristínar hér, en flestir tóku bæklinga og eftir að komið var aftur í Stakkahlíð var spjallað um heimsóknina og ekki hvað síst fyrirlestur Kristínar.

Nóg var að ýmsum bæklingum og pésunum að kíkja í hjá FA

Eftir að búið var að metta maga hófst dagskráin á því að Kristín flutti fyrirlestur um námsbrautina „**Máttur kvenna**“ sem starfrækt er við Háskólann á Bifröst. Fyrirlesturinn var m.a. byggður á viðhorfskönnun sem framkvæmd hafði verið meðal þátttakenda brautarinnar, sem gerir konum kleift



að komast í Háskóla án stúdentsprófs. Fyrirlesturinn var í alla staði áhugaverður og Máttur kvenna spennandi kostur til sýmenntunar, hvort heldur til að styrkja sig í rekstri eigin fyrirtækis eða til áframhaldandi náms.

Máttur kvenna – kynning Kristínar

Því næst hélt Hulda fyrirlestur um tilraunaverkefni sem hún er þátttakandi í sem kennari, þar sem markmiðið er að **hækka menntunarstigið á vinnumarkaðnum**. Svæðið sem unnið hefur verið með er Breiðholtið og Norðvestur kjördæmi. Fenginn var framkvæmdastjóri til verksins og var akveðið að fara um svæðið og taka viðtöl við fólk um óskir og ástæður varðandi menntun. Í framhaldinu voru niðurstöður viðtalanna greindar og verkefnið byggt á því.

Svo vel tókst til að námsskeiðið var framlengt um eitt ár og líklegt að það verði gert aftur. Taldi Hulda að áhrifin af svona námsskeiði á landsbyggðinni væru margföld miðað við þéttbýlið.

Allir sem komu að verkefninu unnu ýtarlega greinargerð um sinn hluta, sem hægt verður að vinna út frá í framhaldinu svo áhrifin breiðist út í samfélagið.

Peningar komu til verkefnisins úr sjóðnum „Nám er vinnandi vegur“.



Hækka menntunarstig á vinnumarkaði Kynning Huldu



Hróbjartur les af tímalínunni

15:10 Við byrjuðum á verkefni: að raða uppá tímalínu á töflunni áföngum/viðburðum í lífi okkar „milestones“. Áhugavert og skemmtilegt verkefni.

Kl 15:30 hófst fyrirlestur Hróbjartar um Comenius og þroskaskeið fullorðinna.

Comenius: Pampædia: að kenna öllum um allt.

Í bókinni sem Comenius skrifaði fyrir margt löngu skiptir hann lífinu í 7 skeið og í öllu lífinu höfum við tækifæri til að læra.

Menntun felst í því að hjálpa manneskjunni að verða það sem hún getur mest orðið.

Menntun á að leiða til fullkomunar.


Nauðsynlegt, mögulegt og auðvelt voru einkunnarorð Comeniusar.

Hvert einasta þroskastig færir manneskjunni lærdóm. M.a. kom sjúklingafræðsla til umræðu í tengslum við síðasta hluta æviskeiðsins.

Og í framhaldinu spunnust umræðurnar um hlutverk kennara í grunnskóla.

Við lifum í samfélagi þar sem ungir foreldrar kunna jafnvel ekki að annast lítil börn, af því að þau hafa aldrei þurft að gegna umönnunar hlutverki innan fjölskyldunnar. Samfélagið er hætt að kenna það sem áður þótti sjálfsagt og eðlilegt að fólk lærði af lífinu.

Strom & Strom hafa rannsakað námstækifæri fullorðinna.



Fyrri dagur lotu 3 lauk stundvíslega **kl 16:00**

Seinni dagur 3. staðlotu, fimmtudagurinn 20. 11.

Kl. 9.15 Eyjólfur byrjaði að fjalla um Illeris og svo hélt Þorvaldur áfram og saman gerðu þeir fræðimanninum **Knud Illeris** skil með „óformlegri“ kynningu.

Illeris heldur því fram að kerfið sem við lifum í sé hannað í kringum aga í vinnustaða umhverfi. Túlipana módelið, ásamt þríhyrnings módelinu yfir samspil samfélags við einstaklinginn og tilfinningar hans. Námsþríhyrningurinn er það sem Illeris er þekktastur fyrir.

Dæmið um túlipana módelið sem tekið var er konan sem heima tekur fullt af ákvörðunum og gerir og græjar, en í vinnu vill hún fá allt klippt og skorið.

Illeris vill að við fjarlægjum okkur frá þessu módeli og skipuleggjum okkar nám sjálf út frá eigin styrkleikum og veikleikum, höfum okkar þáttökustjórnun.

Lykilhugtakið "modstands evne" sem þeir þýddu sem andstöðu hæfni er hin innri togstreita einstaklingsins; að vilja takast á við hið nýja og óþekkt, en vera á sama tíma í andstöðu við breytingar. Beita íhugun.

Hugmyndin kemur frá Ziehe og Frankfurterskólanum. Illeris vill að við stýrum eigin vali. Félagsleg ábyrgð, þáttökustýring, afturblik og aðrir þættir eiga að stýra okkar eigin námi og lífi. Knud Illeris var sjálfur fullorðinn námsmaður; hafði áður unnið á ferðakrifstofu en breytti um stefnu. Þegar að hann sem fullorðinn settist á skólabeck fannst honum allt ómögulegt og kennararnir einráðir.

Umfjöllunin um Illeris ýtti á umræður um hversu mjög hamlandi skólakerfið er, við ölumst upp til að gera eins og kerfið segir okkur að gera. Allir voru sammála um að nám þurfi að skipuleggja á forsendum nemenda, svo að þeir geti þroskast sem einstaklingar og félagsverur. Niðurstöður úr umræðu sem skapaðist út frá þessarri kynningu er að skólakerfið drepur niður sköpunargáfuna.

Óttinn við breytingar var umfjöllunarefni, en ef lífið breytist ekki þá byrjar það að rotna, sagði Hróbjartur. Gagnrýnin á skólakerfið er helst sú að það formar alla eftir sama mótinu. Þess vegna dragast nemendur inn í „passívitet“ og svo virðist sem að stjórnendur vilji líka passíva starfsmenn. Mótsagnakenndar óskir; frumkvæði er gott en svo er ekki alveg endalaust hægt að leyfa að gera hlutina eftir eigin óskum og þörfum. Gardner var nefndur í því samhengi.

Hvernig verðum við heildstæðar manneskjur var spurt. Þegar að við mætum í vinnuna og hugsam ó einn dag enn, þá höfum við ekkert að gefa.

Nám er svo persónulegt að við getum ekki formgert það.



Hróbjartur visaði í frönsku söguna um Litla prinsinn sem vildi láta teikna mynd af geit en var aldrei nógu ánægður með það sem var teiknað. Einnig nefndi hann Jarvis og stjarnan með hring utan um var dæmi um hvernig hægt væri að hafa fjölbreytileika en samt líka ramma. Mjög svo líflegar umræður urðu um skólakerfið og hvernig /hvort það væri að stuðla að uppbyggingu heilsteyptra einstaklinga.



Síðan var skipt í 3 hópa; **a)** samfélagið, **b)** kenningar, **c)** þroskasagan. Hver hópur átti að yfirfara námsefnið um sitt málefni og skrifa niður punkta til

að útlista fyrir hinum hópunum. Mikið var skrafað og rætt.



Skrafað og rætt saman

Kl. 11.45 var byrjað að skoða spjöldin sem komu frá hópunum þremur.

Samfélagið:

Fyrst útskýrði samfélagshópurinn sínar niðurstöður og viðhorf. Mikið var fjallað um stöðuna á landsbyggðinni og hvernig hægt væri að breyta vörn í sókn. Það sem til þarf er handleiðsla, einhvern sem kemur og vinnur á staðnum með fólkinu á þeirra forsendum var niðurstaða þeirrar umræðu. Það eru ekki bara hagrænar áherslur heldur líka að búa til stað þar sem að fólk þroskast og dafnar.

Kenningar:



Knowles: andragogy, hugtök og módel.

Illeris: þríhyrningur á milli skilnings, tilfinninga og samfélags.

Illeris staðsetur alla helstu kennismiði innan þríhyrningsins.

Jarvis: reynsla er uppruni alls náms. Einstaklingurinn nýtir öll tækifæri til náms.

Mezirov: umbreytandi nám, hann dýpkar kenningar Jarvis, áhersla á að reynsla hefur mest áhrif á hvort og hvernig nám á sér stað.



McClusky: ástæður nemenda og svigrúm til náms ræður öllu. 3 megin hugmyndir:

Lífsbyrðar, lífskraftur og lífssvigrúm.

Kolb: byggir á grunnhugmyndum Dewey sem er reynsla.

Jane Lave: situated learning, communities of practice.

Proskasagan:

hópurinn setti þroskaferli manneskjunnar í samhengi við þrjú viðhorf eftir áherslum.

Skólar: Comenius kallaði þroskaferlið skóla. Fyrst er það skóli fóstursins, síðan skóli bernskunnar, svo æskunnar, unglingsáranna, yngri fullorðinsáranna, fullorðinsáranna og að lokum skóli öldrunar og skóli dauðans.

Verkefni: Vaillant,

Æviskeið: Levison: 17-45 ára: fyrri hluti fullorðinsára, 40-60 ára: miðju hluti og 60+ seinni hluti fullorðins ára.

Ericson: 0-2 von, 2-4 vilji, 4-5 tilgangur, 5-12 hæfni, 13-19 tryggð, 20-39 ást, 40-64 umhyggja, 65+ speki.


Carl Rogers var einnig til umfjöllunar, en hann er fræðilegur bróðir Knowles.

Að hádegi loknu var örstutt skoðað hvað fólk hafði fengið út úr fyrri hluta dagsins.

Því næst hófst umfjöllun Sesselju og Þórunnar Sifjar um bók Malcolm S. Knowles (1913-1997): *Andragogy in action*. Knowles kom inn í fullorðinsfræðsluna af tilviljun. Kemur að hópnum með aðferðir sem virka án þess að hann hafi verið meðvitaður um aðferðirnar. Í þeim fólst önnur nálgun og aðrar áherslur.



Sesselja og Sif með kynningu á bók Malcolm Knowles



Notar orðið andragogy fyrir fullorðinsfræðslu og segist hafa tekið það frá öðrum.

Andragogy módelið felst í eftirfarandi þáttum:

- 1) Virkja þátttakendur í sínu námi.
- 2) Þátttakendur setja sér markmið.
- 3) Stöðugt mat og endurgjöf - námssamningur.
- 4) Kennarar fá nýtt hlutverk - leiðbeinendur.

Þátttaka, reynsla, hvatning og mótun eru þættir sem saman móta og hafa áhrif á nám fullorðinna; forsendur til náms og meginreglur þeirra.

Knowles leggur áherslu á eftirfarandi atriði:

Nám er breytingar í sjálfum sér. „Andragogy is the art of science of helping adults to learn”

Knowles tengir ekki nám fullorðinna við samfélagið líkt og Illeris gerir.

Pedagogy in action er ádeila á okkur kennara. Þæðagógar voru í hinu forn gríska þrælar sem fylgdu ungum piltum til skóla.

Pedagogy vs. andragogy: Nemendur skiptu sér upp í litla hópa og skrifaði hver hópur niður atriði sem einkenndu hvor fræðin fyrir sig.

Þær stöllum sýndu okkur mynd, sem mætti kalla "fáið ykkur sæti".

Í andragogy þá er setið í hring, í pedagogy er kennarinn við púlt og miðlar til hópsins sem situr andspænis honum.

Hópefli um eyðieyju. Er í raun aðferð til að nálgast og kynnast sem skiptir svo miklu máli í fullorðinsfræðslu.

Knowles talar um að ekkert sé svart eða hvítt. Dæmi: viðfangsefnið er að kynnast Afríku; hvað viljið þið vita?



Að lokum var tekin umræða um lokaverkefnið og spurningum tengt því svarað.

Stikkorð frá umræðu um lokaverkefni:

Svara hvernig?


-Hver á útkoman að vera?

-Hvaðan?

Rannsóknar aðferð

- hvernig?





Verkefnið á að vera tengt einhverju af þeimunum þremur um nám fullorðinna.

Til hvers er ég kominn hingað að læra?

Vinna með mín markmið.

Tilgangur:

Tengja, dýpka, sýna lærdóm, vinna með eigin markmið, læra með því að skrifa.

Masters ritgerð.

Heimilda umsjón.

Endnote og Mendeley.

Skýr rannsóknar spurning.

Ritgerðin á að vera samtali þitt við fræðin.

Fræðin: endursegja, draga ályktanir, vega, meta og tengja.

Eftirheimildir ekki góðar, helst að nota frumheimildir.

Við megum t.d. nota efni úr viðtalsverkefninu.

Í meistararitgerð eiga nemendur að halda sig innan eftirfarandi ramma í ritgerðum:

Aðferðarfræði

Niðurstöður

Umræða

Endir

Ritgerðin í þessu námsskeiði er annars eðlis og við búum til okkar eigið efnisyfirlit, voru lokaorð Hróbjartar.